


ORF Líftækni hf
Einar Mäntylä
Víkurbvarf 3
203 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júní 2011
Tilvísun: UST20110500117/áb

Eftirlitsskýrsla - eftirlit með afmarkaðri starfsemi með erfðabreytt bygg í gróðrarstöð Barra hf.

Meðfylgjandi er lokaútgáfa eftirlitsskýrslu vegna eftirlits á afmarkaðri starfsemi með erfðabreytt bygg í gróðrarstöð Barra hf þann 17. maí 2011.

Virðingarfyllt

Bjarni Pálsson
Deildarstjóri

Ásgeir Björnsson
Sérfræðingur

EFTIRLITSSKÝRSLA

GRÓÐRARSTÖÐIN BARRI HF.

Fyrirtæki	ORF Líftækni hf.	Starfsemi	Erfðabreyttar lífverur
Kennitala	420201-3540	Ísat nr.	
Heimilisfang	Gróðrarstöð Barra hf. Valgerðarstöðum 4701 Egilsstaðir	Umfang	Ræktun á erfðabreyttu byggi í gróðurhúsi
Dagsetning	17. maí 2011	Tegund eftirlits	Reglubundið
Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson	Starfsleyfi lýkur	2021
Fulltrúi fyrirtækis	Skúli Björnsson		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Aðeins er gerð athugasemd við aðgengi starfsfólks að áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera og viðbragðsáætlun.

Í kjölfar eftirlitsferðar hefur leyfishafi bætt aðgengi starfsfólks að ofangreindum áætlunum.

UMFANG EFTIRLITS

- Afmörkunarráðstafanir
 - Gróðurhús, sáningarhús, kæligeymsla
 - Dýravarnir
 - Öryggiskerfi
 - Úrgangur
 - Frárennsli
- Skráningar, skýrslur, handbækur og áætlanir




FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Athugasemd: Áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera og viðbragðsáætlun hefur verið samþykkt af Umhverfisstofnun og kynnt starfsfólki við þjálfun þess. Gerð er athugasemd við að þessar áætlanir liggja ekki frammi í starfstöð með vinnudagbók, og því takmarkað aðgengi að þeim fyrir starfsfólki.

ÖNNUR ATRÍÐI:

Eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar hóf eftirlitið kl. 8:45 þann 17. maí á gróðrarstöð Barra hf. Skúli Björnsson tók á móti eftirlitsaðila og fór með í vettvangsskoðun á gróðurhúsi, sáningarhúsi og kæligeymslu, þar sem teknar voru myndir. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir skoðun gróðurhúsa fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra plantna og gátlista varðandi eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 11:15.

Reykjavík, 27/06/2011



Ásgeir Björnsson

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

